

Haukur Þór Sveinsson
Kt. [...]
Heimilisfang: [...]

Hafnarfjörður, 15. maí 2025
Tilv. 2024-07-11-0992

Efni: Svipting. Lögskráning. Tvær strandveiðiferðir farnar sama dag. Þórður Ólafsson BA-96 (7411)

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætluð brot skipstjóra, og eftir atvikum útgerðaraðila fiskiskipsins Þórðar Ólafssonar BA-96, skipaskránnúmer 7411, gegn lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og reglugerð um strandveiðar nr. 460/2024. Skipstjóri í þeim veiðiferðum sem málið varðar var [A], kt. [...] og eigandi skipsins Haukur Þór Sverrisson, kt. [...], sem var jafnframt þáverandi útgerðaraðili þess.

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu (ferilvöktunarkerfi AIS) lét skipið Þórður Ólafsson BA-96 (7411) úr höfn frá Þorlákshöfn til veiða 25. júní kl. 17:55 og kom aftur inn til sömu hafnar til löndunar þann 26. júní kl. 08:00. Síðar þann 26. júní lét skipið aftur úr sömu höfn til veiða kl. 17:35 og kom aftur inn til löndunar þann 27. júní kl. 07:30.

Samkvæmt lögskráningarkerfi Samgöngustofu var [A], kt. [...], lögskráður á Þórði Ólafssyni BA-96 (7411) í framangreindum veiðiferðum, en ekki skráður eigandi þess í skipaskrá Samgöngustofu, Haukur Þór Sveinsson. Við nánari skoðun Fiskistofu kom í ljós að eigandi skipsins hafði ekki heldur verið lögskráður um borð í eftirfarandi veiðiferðum: 3. júní, 6. júní, 10. júní, 11. júní, 20. júní, 1. júlí og 2. júlí 2024.

II. Lagagrundvöllur

Leyfi til strandveiða er bundið tilteknum skilyrðum sem fram koma í lögum nr. 116/2006 og reglugerð nr. 460/2024. Meðal skilyrða er að aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi, sbr. 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laganna og 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar.

Enn fremur er það sett fram það skilyrði að einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið, og skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu, sbr. 3. mgr. 6. gr. a laganna og 1. málsl. 6. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar. Þá er óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Brot á lögum nr. 116/2006 og reglugerð nr. 460/2024 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum í formi sviptingar leyfis til veiða í atvinnuskyni eða eftir atvikum leyfis til strandveiða, skv. 1. og 2.

mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 eða skriflegri áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um lengd leyfissviptinga en þar segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi dags. 2. október 2024, tilkynnti Fiskistofa málsaðila að mál væri til meðferðar vegna meintra brota skipstjóra og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Þórðar Ólafssonar BA-96 (7411). Annars vegar á ákvæðum 3. máls. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 3. máls. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, og hins vegar á ákvæðum 3. máls. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 1. máls. 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024. Einnig var tilkynnt um að til greina kæmi að beita stjórnsýsluviðurlögum ef niðurstaðan yrði sú að um brot hafi verið að ræða. Veittur var andmælafrestur til og með 21. október 2024 og bárust sjónarmið málsaðila með tölvupósti þann 2. október 2024.

Málsaðili tilgreindi að í reglugerð um strandveiðar standi að aðeins sé heimilt að fara í (byrja) eina veiðiferð á hverjum degi. Þórður Ólafsson BA-96 (7411) hafi byrjað eina veiðiferð 25. júní 2024 kl. 17:55 og svo aðra veiðiferð kl. 17:35 en hafi lokið fyrri veiðiferðinni sama dag og hann hóf þá seinni.

Jafnframt tilgreindi málsaðili að [A], sem var lögskráður á skipið m.a. í umræddum veiðiferðum, hafi verið með þinglýstan eignarhlut í Þórði Ólafssyni BA-96 (7411) frá því í byrjun maí 2024. Kaupsamningur þess efnis hafi verið þinglýstur hjá Sýslumanninum á Patreksfirði.

Með tölvupósti, dags. 31. október 2024, óskaði Fiskistofa eftir afriti af kaupsamningnum og upplýsti jafnframt um að í kjölfar eigandaskipta þurfi að breyta skráningu á eiganda skips hjá Samgöngustofu. Fiskistofu barst afrit af kaupsamningnum með tölvupósti þann 6. nóvember 2024.

IV. Niðurstaða

Fyrir liggur að skipið Þórður Ólafsson BA-96 (7411) lét úr höfn frá Þorlákshöfn til veiða þann 25. júní 2024 kl. 17:55, kom aftur inn til hafnar til löndunar þann 26. júní kl. 08:00, lét svo úr sömu höfn til veiða síðar sama dag kl. 17:35 og kom aftur inn til löndunar þann 27. júní kl. 07:30.

Eitt skilyrða standveiðileyfis er að aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Að mati Fiskistofu felur hefðbundinn málakilningur hugtaksins „á hverjum degi“ í sér að átt sé við innan sama dags, þ.e. samdægurs. Um þá túlkun vísast jafnframt til annarra skilyrða sem strandveiðileyfi eru bundin og koma fram í 6. gr. a laga nr. 116/2006 og 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024. Nánar tiltekið fela skilyrðin í sér að heimilt er að stunda strandveiðar í að hámarki 12 daga innan hvers mánaðar og að veiðar eru óheimilar föstudaga, laugardaga og sunnudaga og tiltekna almenna frídaga. Af því leiðir að veiðitímabil takmarkast frá miðnætti á mánudegi til miðnættis á fimmtudegi, að því gefnu að ekki sé um almenna frídaga að ræða, og að aðeins ein veiðiferð sé farin á hverjum degi. Sem dæmi má nefna að sé veiðiferð hafin á mánudegi, skal henni lokið fyrir miðnætti sama dag því annars telst hún yfir tvo veiðidaga (mánudag og

þriðjudag) af þeim tólf sem heimilt er að fara í innan mánaðarins. Ef veiðiferð dregst fram á næsta dag er óheimilt að hefja nýja veiðiferð þann sama dag.

Fiskistofa leiðbeindi um það með frétt á vefsíðu stofnunarinnar þann 1. maí 2024, fyrir upphaf strandveiðitímabilsins sem hófst 2. maí, að til þess að veiðiferð teljist vera innan dags þurfi skip að leggja úr höfn til veiða á sama degi og það komi til hafnar aftur til löndunar.

Með hliðsjón af framangreindu er niðurstaða Fiskistofu sú að þar sem Þórði Ólafssyni BA-96 (7411) var haldið til veiða þann 26. júní 2024 kl. 17:35, sama dag og skipið hafði áður komið inn til löndunar úr annarri veiðiferð, kl. 08:00, hafi það farið í tvær strandveiðiferðir innan sama dags. Sú háttsemi braut gegn 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 og 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Við frekari vinnslu málsins var lögskráning skipstjóra um borð í strandveiðiferðum Þórðar Ólafssonar BA-96 (7411) á strandveiðivertíðinni 2024 skoðuð nánar. Í ljós kom að [A] var, auk þess að vera lögskráður á skipið 25. og 26. júní, einnig lögskráður á skipið í veiðiferðum þess dagana 3. júní, 6. júní, 10. júní, 11. júní, 20. júní, 1. júlí og 2. júlí 2024, þ.e. í alls níu veiðiferðum skipsins á strandveiðivertíðinni (33% veiðiferða). Skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu var hins vegar Haukur Þór Sveinsson.

Samkvæmt þinglýstum kaupsamningi, dags. 28. maí 2024, keypti [A] 1% (eitt prósent) hlut í Þórði Ólafssyni BA-96 (7411) af Hauki Þór. Þinglýstur kaupsamningur er ekki nægjanlegur til að uppfylla skilyrði 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024, um að eigandi fiskiskips skuli vera skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu og lögskráður á skipið. Enn fremur ber kaupsamningur upp á 1% eignarhlut skips með sér að tilgangur hans sé einungis að uppfylla skilyrði um lögskráningu eiganda skipsins á strandveiðum fremur en að fela í sér tilfærslu eignarréttinda, sem er eðli kaupsamninga.

Fiskistofa bendir einnig á að við lestur ákvæða er gilda um strandveiðar og lúta að eignarhaldi og lögskráningu skipverja, er ljóst að ákvæðunum er ætlað að tryggja að eigendur fiskiskipa sem eru á strandveiðum stundi veiðarnar sjálfir.

Með hliðsjón af framgreindu er niðurstaða Fiskistofu sú að þar sem skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu var ekki lögskráður á skipið Þórður Ólafsson BA-96 (7411) í fyrrgreindum níu veiðiferðum hafi málsaðili brotið gegn 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 1. málsl. 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Við fyrsta brot sem varðar sviptingu veiðileyfis skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur, eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 6. gr. reglugerðar nr. 460/2024. Við fyrsta minniháttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Við mat á því hvort um minniháttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til þess hvernig verknaðinum/verknuðunum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í máli þessu er það mat Fiskistofu að þrátt fyrir að brot málsaðila hafi verið til þess fallin að hafa í för með sér ávinning, þá geti hann ekki hafa orðið umtalsverður. Við mat á því hversu mikilvægum hagsmunum brotin hafi ógnað verður að líta til markmiða laga um stjórn fiskveiða og þá sér í lagi ákvæðis 6. gr. a. um strandveiðar. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 32/2010 (strandveiðar), sem breytti lögum nr. 116/2006, kemur m.a. fram að skilyrðum til strandveiða væri ætlað að dreifa veiðimagni sem mest, bæði í tíma og eftir landssvæðum, draga úr of miklu kappi í veiðunum og stuðla að því að meðferð afla yrði sem best. Takmarkanir á veiðunum, s.s. á fjölda veiðiferða innan hvers dags og veiðidaga innan hvers mánaðar, og skilyrði um að eigandi fiskiskips skuli vera lögskráður á skipið, eru sett með það að markmiði að sem flestum verði gert mögulegt að stunda strandveiðar á sjálfbæran hátt, enda takmarkast strandveiðar af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna ár hvert. Þá má færa rök fyrir því að takmörkun á fjölda veiðiferða á leyfilegum veiðidögum miði jafnframt að því að tryggja öryggi sjómanna á strandveiðum. Mikilvægt er að jafnræði sé með þeim sem stunda strandveiðar og hafi brot málsaðila ógnað þeim hagsmunum.

Hvað varðar mat á ásetningi og gáleysi ber að geta þess að málsaðili á að þekkja þær reglur sem gilda um strandveiðar á hverjum tíma og sjá til þess að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við þær. Sé litið til athugasemda málsaðila varðandi brotið sem fól í sér að farnar voru tvær strandveiðiferðir innan sama dags verður þó ráðið að um gáleysisbrot hafi verið að ræða og metur Fiskistofa brotið sem minni háttar. Varðandi brotin sem fólu í sér að farið var á strandveiðar án þess að eigandi skipsins væri lögskráður um borð lítur Fiskistofa til þess að krafan um lögskráningu eiganda er ein af megin skilyrðum strandveiða þar sem hún stuðlar m.a. að aðgangsjöfnuði, auknum möguleikum fyrir nýliða að stunda fiskveiðar og kemur í veg fyrir samþjöppun og misnotkun á leyfum. Með því að hafa haldið til veiða í níu strandveiðiferðum skipsins á strandveiðitímabilinu 2024 án þess að eigandi skipsins væri lögskráður um borð telur Fiskistofu brotin hafi verið framin af ásetningi og telur þau vera meiri háttar. Að teknu tilliti til þess að síðastnefnd brot eru talin meiri háttar, og með hliðsjón af meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttarins þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til strandveiða í tvær vikur.

Engin fyrri brot hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Þórð Ólafsson BA-96 (7411), leyfi til strandveiða í tvær vikur (14 daga) frá og með 13. júní 2025 til og með 26. júní 2025, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota gegn annars vegar 3. málsl. 2. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 og 3. málsl. 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024 og hins vegar 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sbr. 1. málsl. 6. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 460/2024.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár samkvæmt 19. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að hún barst málsaðila, skv. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atr@atr.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992, sbr. 21. gr. laga nr. 57/1996.



Afrit sent á:

Hafgolú ehf., núverandi útgerðaraðila skipsins.